



Ályktun auka aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs

Auka aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) haldinn í Borgarnesi 01.07 2026 tekur undir ályktun Sveitarfélagsins Stykkishólms, Vesturbyggðar og Reykhólahrepps vegna ákvörðunar innviðaráðherra um að færa Breiðafjarðarferjuna Baldur úr reglubundnum siglingum um Breiðafjörð.

Þá ítrekar fundurinn fyrri ályktanir sínar um mikilvægi Baldurs fyrir samgöngur um og yfir Breiðafjörð, enda er ferjan burðarás þessara samgangna og gegnir mikilvægu hlutverki fyrir íbúa, atvinnulíf, ferðaþjónustu og byggðafestu á svæðinu.

Fundurinn leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að þær forsendur sem legið hafa til grundvallar notkun Baldurs sem varaskips fyrir Herjólf verði virtar. Fundurinn skorar á innviðaráðherra og Vegagerðina að tryggja að sambærilegum ráðstöfunum verði ekki beitt í framtíðinni nema þegar Herjólfur er óstarfhæfur eða í slipp, í samræmi við þær forsendur sem sveitarfélögin við Breiðafjörð hafa byggt á um árábil.

Auka aðalfundur SSV áréttar að reglubundnar og öflugar samgöngur yfir Breiðafjörð eru sameiginlegt hagsmunamál Vesturlands og Vestfjarða og skipta sköpum fyrir áframhaldandi atvinnuuppbyggingu, þjónustu og byggðafestu á svæðinu.

Borgarnesi 01.07 2026